

#### **4. fundur Ferðamálaráðs**

**13. ágúst 2015 kl. 11-13:00**

**Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**

**Mættir:** Þórey Vilhjálmsdóttir, formaður, Páll Marvin Jónsson, varaformaður, Halldór Benjamín Þorbergsson, Ásbjörn Björgvinsson, Dána Mjöll Sveinsdóttir, Jón Ásbergsson, Þórir Garðarsson og Valgerður Rún Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Gestir:** Guðný M. Jóhannsdóttir, ISAVIA og Böðvar Þórisson, Hagstofu Íslands.

---

#### **1. Vinna við nýja stefnumótun og framtíðarsýn í ferðapjónustu.**

Þórey fer yfir að stefnt sé að því að kynna stefnumótunarvinnuna fyrir ráðinu vikuna 24. til 27. ágúst.

#### **2. Staðan á Keflavíkurflugvelli í dag og framtíðaráform – Guðný M. Jóhannsdóttir**

- Fer yfir kerfið í innanlandsflugi.
  - Ákveðnar leiðir sem eru ríkisstyrktar.
  - Fjármagn til að reka flugvelli verið skorið mjög mikið niður.
  - Mikið rætt hvernig eigi að fá ferðamenn inn í innanlandskerfið.
  - Orðið töluverð fækkun í innanlandsflugi síðustu ár.
  - Er að störfum starfshópur sem ætlað er að kanna möguleika á að fá frekara millilandaflug á Akureyri og Egilsstaði. Von á niðurstöðu frá hópnum í lok þessa mánaðar. Þurfa að koma til hvatar til að flugfélög fljúgi beint út á land.
- 
- Staðan á Keflavíkurflugvelli
  - Áfram aukning á flugi og bæði ný flugfélög og nýir áfangastaðir í vetur.
  - 2015 eru 8 flugfélög sem eru að fljúga allt árið
  - Meðalvöxtur milli ára frá 2009 er 16,2%
  - Vöxtur í farþegafjölda allt árið. 25% vöxtur það sem af er þessu ári. Eru miklir álagstímar. Áherslan á að fá inn nýtt flug utan háannatíma.
  - Uppbyggingu á verslanasvæðinu er nú lokið.
  - Nýi komusalurinn er að opna.
  - Er tveggja ára bráðabirgðauppbygging í gangi núna. Nýtt masterplan að taka gildi, fer fyrir stjórn í september, er plan til 2040. Verður mikil stækkun. Miðað við að 14 milljónir farþega fari í gegn um flugvöllinn 2040.

*Umræður í nefndinni:*

- Rætt um hvernig hafi gengið að fá fólk til starfa á flugvöllinum í ár. Bent á að það þurfi að huga sérstaklega að þessu, sér í lagi ef að það kemur til frekari atvinnuuppbygging á svæðinu.
- Bent á að skiltin í flugstöðinni eru ekki skýr. Guðný upplýsir að það sé í gangi vinna við að endurgera þau.

#### **3. Tölfræði um ferðapjónustu – Böðvar Guðmundsson.**

- Ýmis tölfræði sem er framleidd fyrir ferðapjónustuna. Það sem er framleitt er gert í samræmi við það sem aðrar þjóðir gera þannig að hægt sé að bera saman.
- Vantað tvær kannanir:

- Góða landamærarannsókn sem þyrfti að vera í gangi helst allan ársins hring. Þarf að gera fjórum til sex sinnum á ári, mun kosta ca 25-30 milljónir.
- Ferðahegðun Íslendinga.
- Þau tölfræðigögn sem Hagstofan framleiðir tengd ferðaþjónustu eru:
  - Herbergjanýting á hótelum – tölurnar benda til þess að innviðir varðandi gistingu séu nú fullnýttir.
  - Útflutningstekjur – ferðaþjónustan langstærstan gjaldeyrisaflandi atvinnugrein í landinu.
  - Tengsl við þjóðhagsreikninga
  - Hagstofan birti í júní í fyrsta skipti tölfræði um fjölda launþega í ferðaþjónustu.
  - Menntun í ferðaþjónustu – yfir 50% starfsmanna sem eru með háskólamenntun.
  - Samandregnar niðurstöður:
    - Góð nýting á innviðum
    - Ferðaþjónustan skapar störf um allt land
    - Fyrirtæki í ferðaþjónustu eru stofnuð um allt land
    - Eru að megninu til þjónustustörf
    - Arðsemi góð – nr. 2 á eftir sjávarútvegi
    - Björt framtíð og hollur hagvöxtur.
  - Síðustu tölur varðandi ferðaþjónustureikninga birtar í næstu viku.

#### 4. Önnur mál

##### 4.1 Úttekt á þjóðarhag Íslendinga af ferðaþjónustu

Samþykkt að formaður komi eftirfarandi áskorun á framfæri við iðnaðar- og viðskiptaráðherra:

*Ferðamálaráð skorar á ferðamálaráðherra að standa fyrir, eða styðja þau áform utanríkisráðherra að láta fara fram óháða allsherjarúttekt á hagsmunum Íslands hvað varðar hvalveiðar. Þar verði hagsmunir hvalaskoðunar einnig teknir til sérstakrar skoðunar ásamt efnahagslegum og samfélagslegum áhrifum þessara tveggja nýtingarleiða. Ferðamálaráð leggur áherslu á að nýting þessarar auðlindar verði að byggja á grundvallarmarmiðum sjálfbærrar nýtingar.*

##### 4.2. Aðgengismál

Nauðsynlegt að móta stefnu um það hvernig aðgangsmálum á að vera háttað, margt sem kemur þar inn í eins og uppbygging ISAVIA á Keflavíkurflugvelli, skipulagsmál, aðgangur að landi t.d. í gegnum útboð o.s.fv.